

# SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF

## B2 | 76 / 100

A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt

### EINKUNN

Sjóvá nær góðum árangri í UFS mati Reitunar með 76 punkta af 100 mögulegum, flokkur B2.


## UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
<b>Umhverfisþættir</b>	<b>12.5%</b>	<b>88</b>	<b>A3</b>
E.1 Visthagkvæmni	5.0%	90	A3
E.2 Umhverfisstjórnun	7.5%	87	A3
<b>Félagsþættir</b>	<b>25.0%</b>	<b>97</b>	<b>A1</b>
S.1 Vinnuumhverfi	7.0%	100	A1
S.2 Velferð starfsfólks og viðskiptaánægja	18.0%	96	A2
<b>Stjórnarhættir</b>	<b>62.5%</b>	<b>65</b>	<b>B3</b>
G.1 Almennir stjórnarhættir	9.0%	96	A2
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	23.5%	72	B2
G.3 Vörur og þjónusta	30.0%	49	C2

## STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM


Sjóvá nær góðum árangri í UFS mati Reitunar árið 2022 og fær 76 punkta. Félagið nær árangri í innri umhverfisstjórnun, sem er afrakstur stefnumótunarvinnu frá árinu 2021. Félagið hefur beitt þeirri nálgun að greina hvar í starfsemi hægt er að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og með hvaða hætti. Félagið innleiddi nýtt umhverfisstjórnunarkerfi á árinu 2021 til þess að ná betur utan um umhverfisbókhalðið með sjálfvirkum hætti. Forstjóri ber ábyrgð á umhverfisstefnu og stefnu félagsins um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Stjórn Sjóvá tekur þátt í áhættumati félagsins árlega og þar er jafnframt loftslagstengd áhætta tekin fyrir. Félagið kolefnisbatt á móti losun frá eigin starfsemi í gegnum Kolvið sem nemur rúmlega tvöfaldr losun frá eigin starfsemi samkvæmt umhverfisbókhalði. Félagið hefur nú þróað áfram veflausnina Innsýn sem sýnir nú fram á þann tíma, akstur og losun sem sparast við notkun hennar. Haldið er utan um þær mælingar. Sjóvá hefur bætt umfang verndar fyrir eigendur rafbíla og þar með tekið skref í átt að sjálfbærari lausnum fyrir tryggingavernd. Vátryggingastarfsemi snertir almennt á miklu magni úrgangs vegna tjóna og eru því tækifæri fyrir félagið að hafa þar áhrif. Félagið hefur endurbætt áhættumat sitt og tekur nú tillit til brunavarna, öryggismenningar og viðhorfs stjórnenda til forvarnaþátta til lágmörkunar á áhættu á tjónum. Félagið hefur tekið þá nálgun sem snýr fyrst og fremst að því að draga úr sóun og auka endurnýtingu á tjónamunum. Sjóvá hefur einnig þróað ýmsar lausnir til þess að hvetja viðskiptavinum til þess að velja umhverfisvænni möguleika þegar kemur að úrvinnslu tjóna. Félagið er aðili að samtökum IcelandSIF um ábyrgar fjárfestingar en ekki er til staðar eiginleg stefna um ábyrgar fjárfestingar.

## SAMANBURÐUR



## UFS EINKUNNADREIFING

Fjöldi rekstraradila



Fjármálafyrirtæki á Íslandi starfa undir umfangsmiklu regluverki og eftirliti sem lágmarkar áhættu um almenna stjórnarhætti. Persónuvernd og upplýsingaöryggi er áhættuþáttur fyrir starfsemi en félagið vinnur markvisst að því að lágmarka áhættuna í þeim flokki með reglubundnum úttektum, prófunum og fræðslu. Árið 2022 hlaut félagið hlaut endurvottun á ISO27001 upplýsingaöryggisstaðlinum og hlýtur hámarksstig fyrir málaflökkinn. Tækifæri eru fyrir félagið að móta sér síðareglur birgja og fylgja þeim eftir en mikilvægi þess að stuðla að ábyrgri aðfangakeðju eykst sífellt. Sjóvá fær áfram framúrskarandi einkunn í flokki um félagsþætti, enda er lögd rík áhersla á að huga að mannaúði og stuðla áfram að því að veita góða þjónustu. Félagið leggur metnað í að stuðla að velferð starfsfólks og að starfsánægja ríki á vinnustaðnum. Unnið hefur verið að því að endurskipuleggja vinnuumhverfi út frá vinnuverndarsjónarmiðum og fylgst er með andlegri liðan starfsfólks. Áhersla er lögd á að gefa starfsfólki tækifæri til þróunar í starfi og árið 2021 var rúmlega þriðjungur allra ráðninga tilfærsla milli starfa. Félagið hlýtur jafnframt hæstu einkunn fyrir flokk um viðskiptaánægju og tengsl við samfélagið, en þjónustukannanir sýna fram á að viðskiptavinir séu áfram ánægðir með veitta þjónustu. Frá árinu 2017 hefur Sjóvá einnig mælst hæst tryggingafélaga á íslenskum markaði í Ánægjuvuginni. Markviss vinna hefur farið í forvarnarfræðslu til viðskiptavina og samfélagsins í þeim tilgangi að stuðla að auknu öryggi og færri tjónum og slysum. Tækifæri eru fyrir félagið til þess að koma tjónamunum sem lenda hjá þeim í ábyrga förgun, en félagið hefur lengi unnið að því að endurnýta sem mest af tjónamunum með margvíslegum leiðum.

## SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Sjóvá er í flokki B2 og fær 76 punkta, sem er yfir meðaltali í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun (fjöldi um 35). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 71 stig af 100 mögulegum, flokkur B2.

## Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskygni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagæringum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagæringum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.